

**48. fundur byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, mánudaginn 16. desember 2013
og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Sigurvin Hreiðarsson (SH) Aðalmaður, Aðalsteinn Magnússon (AM)
Aðalmaður, Indriði Indriðason (II) embættismaður, Elfar Steinn Karlsson (ESK)
embættismaður, Árni Traustason (ÁT) byggingafulltrúi, Marion Gisela
Worthman (MGW) varamaður og Ásgeir Jónsson (ÁJ) varamaður.

Fundargerð ritaði: Elfar Steinn Karlsson,

Byggingarnefnd býður nýjan byggingarfulltrúa, Árna Traustason velkominn til starfa. Árni er viðstaddur í gegnum síma.

Sigurvin Hreiðarsson vísar fund undir liðum 1. og 2, inn kemur Marion G.
Worthman í stað Sigurvins.

Dagskrá:

1. 1312017 - Umsókn um framlengingu stöðuleyfis.

Erindi frá Dýrfisk ehf, í erindinu er óskað eftir framlengingu stöðuleyfis fyrir
fiskeldsker í Norður-botni meðan unnið er að skipulagsmálum á svæðinu.

Byggingarnefnd Tálknafjarðar samþykkir að framlengja stöðuleyfi fyrir
eldiskerjum um 12 mánuði. Stöðuleyfi tekur gildi við greiðslu á
stöðuleyfisgjaldi.

2. 1311090 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir vinnuskúr

Erindi frá Dýrfisk ehf, í erindinu er sótt um stöðuleyfi fyrir vinnuskúr sem
staðsetja á við SV-horn núverandi eldisstöðvar í Norðurbotni. Erindinu fylgir
afstöðumynd, mynd af vinnuskúr og afstöðumynd rótþróar.

Byggingarnefnd samþykkir veitingu stöðuleyfis í 12 mánuði og felur
byggingarfulltrúa að gefa út stöðuleyfi. Stöðuleyfi tekur gildi við greiðslu á
stöðuleyfisgjaldi.

3. 1312063 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir bogahýsi að Gileyri.

Erindi frá Bæjarvík ehf. Í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir 40,9 m²
bogahýsi sem staðsetja á við seyðaeldisstöð Bæjarvíkur að Gileyri.
Erindinu fylgir grunnmynd, útlit og afstöðumynd unnið af teiknistofu A.V.J.
dags. 08.12.13.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um jákvæð meðmæli
Skipulagsstofnunar og felur skipulagsfulltrúa kalla eftir meðmælunum skv.
1.tl. 57.gr skipulagslaga nr.123/2010. Byggingarnefnd áréttar við

framkvæmdaraðila að tilkynna inn byggingarstjóra yfir verkinu.
Byggingarnefnd hvetur einnig framkvæmdaraðila að huga að gerð
deiliskipulags fyrir svæðið.

4. 1312069 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir gáma að Gileyri.

Erindi frá Bæjarvík ehf. Í erindinu er sótt um stöðuleyfi fyrir 3 gámum.
Gámar þessir eru ætlaðir undir rafmagnstöflur og heimtaug annarsvegar og
súrefnisframleiðsluvél og loftpressur hinsvegar. Erindinu fylgir grunnmynd,
útlit og afstöðumynd unnið af teiknistofu A.V.J. dags. 08.12.13.

Byggingarnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að gefa út
stöðuleyfi til 12 mánaða. Einnig hvetur byggingarnefnd framkvæmdaraðila
að huga að gerð deiliskipulags fyrir svæðið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:50.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____